Alþingi
Erindi nr. Þ 136/770
komudagur 20.1.2009

20/01/2009

187. mál

Umhverfisráðuneytið

## Frumvarp til laga
## um uppbyggingu og rekstur fráveitna

Sigrún Ágústsdóttir
Sigurbjörg Sæmundsdóttir

20.1.2009 1

Umhverfisráðuneytið

- Frumvarpið var samið af nefnd
- Frumkvæði frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga - eðlilegt að skýrt yrði kveðið á í lögum um skyldur sveitarfélaga í fráveitumálum
- Sjónarmið sveitarfélaga kom vel fram í starfi nefndarinnar

20.1.2009 2

Umhverfisráðuneytið

- Skyldur sveitarfélaga skýrðar
  -> skylt að koma á fót og starfrækja fráveitu í þéttbýli
- Í reynd hefur lengi verið litið svo á að uppbygging og rekstur fráveitna í þéttbýli sé verkefni sveitarfélaga
- Sveitarfélög hafa um langa hríð sinnt framkvæmdum við fráveitur og rekið fráveitur
- Í gildi lög og reglugerðir sem skilgreina þær umhverfis- og mengunarvarnakröfur sem gilda um fráveitur og skólp.

20.1.2009 3

Umhverfisráðuneytið

**Hryggstykki frumvarpsins 4. gr.**
**II. KAFLI**

- Afmarkar helstu skyldur sveitarfélaga í fráveitumálum
- Meginregla að sveitarfélag ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu
- Sveitarstjórnum ætlað að samþætta áætlanir um fráveitur við skipulagsgerð
- Framkvæmdaskyldu á sveitarfélög í þéttbýli - sameiginlegt kerfi

20.1.2009 4

Umhverfisráðuneytið

- Sveitarstjórn beiti sér fyrir því að skólpi og ofanvatni verði safnað saman með safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki í dreifbýli – kveðið á um á hvaða svæðum skuli koma á fót safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki sem og hver ber þá skyldu
- Ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki verði sett í deiliskipulag þar sem þess er þörf
  > nauðsynleg
- Sveitarstjórn skal senda áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar

20.1.2009 5

Umhverfisráðuneytið

- Meginregla að safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki sé til staðar
- Telji sveitarstjórn hins vegar ekki þörf á að setja ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsvirki á viðkomandi svæði, s.s. ef kostnaður er óvenju mikill miðað við umhverfislegan ávinning, getur heilbrigðisnefnd heimilað að beitt sé öðrum lausnum

20.1.2009 6

Umhverfisráðuneytið

- Sveitarstjórn er heimilt að koma á fót og starfrækja fráveitur í dreifbýli
- Sveitarfélagi því heimilt að ganga lengra en því er skylt
- Þar sem sveitarfélag hyggst nýta heimild sína hefur það forgangsrétt til fráveituframkvæmda utan þéttbýlis

20.1.2009 7

Umhverfisráðuneytið

- Fráveitur sem sveitarfélög setja á fót - í eigu sveitarfélaga til að tryggja best þjónustu til handa íbúum sveitarfélaganna
- Þó heimilt sé að fela félagi í meiri hluta eigu sveitarfélaga skyldur og réttindi til uppbyggingar, reksturs og eignarhalds fráveitna
- Þar sem sveitarfélagi er skylt að reka og koma á fót fráveitu skal það hafa einkarétt til þess. Sama gildir þar sem sveitarfélag nýtir forgangsrétt sinn til að koma á fót fráveitu

20.1.2009 8

Umhverfisráðuneytið

III. KAFLI

- Svæði þar sem skyldum sveitarfélaga sleppir og sveitarfélög nýta ekki heimildir sínar til að koma á fót fráveitu
- Skylda landeigenda til að sjá til þess að skólp sé hreinsað þar sem sveitarstjórn nýtir ekki heimild sína
- Landeigandi skal koma á fót fráveitu þar sem frístundabyggð er skipulögð

20.1.2009 9

Umhverfisráðuneytið

IV. KAFLI

**Fráveitulagnir**

- Eiganda húseignar er skylt að annast lagningu heimæða á sinn kostnað en eigandi fráveitu sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna
- Réttur til tengingar við fráveitu

20.1.2009 10

Umhverfisráðuneytið

V. KAFLI

**Ákvæði um gjaldtöku**

- Skýrari en í gildandi lögum
- Stjórn fráveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda

20.1.2009 11

Umhverfisráðuneytið

- Nýmæli varðandi losun í fráveitukerfi sveitarfélags frá atvinnustarfsemi eða vegna losunar sem er frábrugðin losun frá heimilum
- Heimilt að innheimta gjald miðað við innrennsli vatns
- Heimilt að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða við fráveitukerfið

20.1.2009 12

Umhverfisráðuneytið

- Gert er ráð fyrir að gjaldtökuheimildir nægi til þess að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum sveitarfélaganna þannig að ekki verði um útgjöld að ræða umfram gjaldtöku

20.1.2009 13

Umhverfisráðuneytið

VI. KAFLI

- Aðgangur að fráveitu sem fyrir er og aðgangur að landi vegna fráveituframkvæmda, þ.m.t. eignarnám
- Hlutlæga bótaábyrgð vegna tjóns á fráveitu vegna losunar

20.1.2009 14